

Stjórnarfundur UMSE í Búgarði fimmtudaginn 9. júní. 2015, kl. 17:30. Fundur, nr. 751
Mætt eru: Bjarnveig, Einar, Guðrún, Sigrún, Þorgerður og Þorsteinn. Forföll boðaði: Sigurður Eiríksson.

1. Formaður setti fund kl:17:35
2. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt með áorðnum breytingum.
3. Innsend bréf.
 - a. Bréf ódagsett, frá UMFÍ: Landsmót 50+ á Blönduósi. Lagt fram til kynningar.
 - b. Bréf dagsett 21. maí, frá Íslenskum getraunum: Greiðslur Íslenskra getrauna vegna 2014. Lagt fram til kynningar.
 - c. Bréf dagsett 26. maí, frá UMFÍ: Keppnisgreinar og drög að dagskrá ULM. Lagt fram til kynningar.
 - d. Bréf dagsett 28. maí frá UMFÍ: Landsmót 50+ 2017 og 21. Unglingalandsmót UMFÍ 2018. Auglýsing mótshaldara. Lagt fram til kynningar.
 - e. Bréf dagsett 5. júní, frá Dalvíkurbyggð: Langtímasamningur við UMSE (bókun íþróttá- og æskulýðsráðs). Lagt fram til kynningar.
4. Styrkumsóknir
 - a. Landsmótssjóður UMSE hefur úthlutað styrkjum að upphæð 270.000.- til þriggja verkefna
 1. Golfklúbburinn Hamar 150.000.- vegna kaupa á sérhæfðu tæki v/ inniaðstöðu.
 2. Hestamannafélagið Funi 100.000.- vegna smíði á startbás.
 3. Sundfélagið Rán 20.000.- vegna sundleikfiminámskeiðs fyrir 25 ára og eldri.
 - b. Ferðastyrkir. Þorgerður vék af fundi undir þessum lið.
 1. Samþykkt að úthluta 250.000.- vegna 2015. Sex umsóknir frá einstaklingum hafa borist um ferðastyrk og tvær hópumsóknir.
 2. Axel Rey Rúnarsson, skíðamaður (Skíðafélag Dalvíkur), 20.000 kr ferðastyrkur vegna keppnisferða innanlands og æfingaferða erlendis.
 3. Bríet Brá Bjarnadóttir, skíðakona (Skíðafélag Dalvíkur), 20.000 kr ferðastyrkur vegna keppnisferða keppnis- og æfingaferða erlendis
 4. Eir Starradóttir, frjálsíþróttakona (Umf. Æskan), 15.000 kr. ferðasstyrkur vegna keppnisferða innanlands.
 5. Guðni Berg Einarsson, skíðamaður (Skíðafélag Dalvíkur), 15.000 kr. Ferðastyrkur vegna keppnisferðar innanlands.
 6. Ólöf María Einarsdóttir, golfkona (Golfklúbburinn Hamar), 20.000 kr. Ferðastyrkur vegna keppnisferðar erlendis.
 7. Sveinborg Katla Daníelsdóttir, frjálsíþróttakona (Umf. Samherjar)15.000 kr. ferðastyrk vegna keppnisferða innanlands.
 8. Hópumsókn frá frjálsíþróttanefnd UMSE Samþykkt að veita hverjum keppenda 20.000 kr. ferðastyrk vegna keppnisferðar erlendis:
 1. Karl Vernharð Þorleifsson
 2. Guðmundur Smári Daníelsson
 3. Hulda Kristín Helgadóttir

4. Katrín Ólafsdóttir
 5. Stefanía Sigurdís Jóhannudóttir
 9. Hópumsókn frá Sundfélaginu Rán vegna keppnisferða innanlands:
Samþykkt að veita eftir töldum keppendum ferðastyrk
 1. Amalía Nanna Júlíusdóttir. 15.000 kr.
 2. Agnes Fjóla Flosadóttir. 15.000 kr.
 3. Hjörleifur Helgi Sveinbjarnarson. 15.000 kr.
 4. Elín Björk Unnarsdóttir hafnað (þjálfari)
 10. Ein umsókn barst 1. júní (umsóknarfrestur var til og með 31. maí).
Umsækjanda hefur verið tilkynnt um ákvörðun stjórnar um að taka umsóknina fyrir í næstu úthlutun í haust.
5. Fundir með sveitarfélögum vegna samninga.
- a. Dalvíkurbyggð:
 1. Bjarnveig og Þorsteinn fóru á fund íþróttá- og æskulýðsráðs.
Fundurinn var góður og við samninginn bættist einn liður sem fjallar um að UMSE taki að sér umsjón með samkomutjaldi sem er í vörslu Dalvíkurbyggðar, en tjaldið er mest notað af UMSE. Ráðið hefur vísað samningsdrögum til sveitarstjórnar til umfjöllunar. Framkvæmdastjóri gerði strax athugasemdir við nýjan lið í samningnum. Athugasemdir voru teknar til greina og nýjustu drögin að samningi fylgdu með fundarboði.
 2. Samkvæmt tillögu Dalvíkurbyggðar hækkar upphæðin frá þessu ári, til þess næsta úr 1.100.000.- í 1.150.000.- (4,5%) og ef tekin er með í reikninginn notkunn í íþróttamiðstöð, þá verður hækkunin allt að 12%. 2016 stendur upphæðin í stað, ef litið er framhjá breytingum í gjaldskrá (en samningur tekur mið af núverandi gjaldskrá íþróttamiðstöðvar), en hækkar svo um 50.000.- á ári út samningstímann.
 3. Reikna má með að sambandið þurfi að bera einhvern kostnað vegna þrifa og viðhalds á samkomutjaldinu einnig þarf að finna geymslustað fyrir tjaldið. Mögulega mætti ná inn tekjum á móti kostnaði með leigu á tjaldinu til aðildarfélga.
 - b. Eyjafjarðarsveit
 1. Erindið var tekið fyrir á 222. fundi íþróttá- og tómsfundanefndar Eyjafjarðarsveitar 21. maí.
 2. Ályktun nefndarinnar var samþykkt á fundi 464. fundi Sveitarstjórnar.
 3. Vonast er til að formlegar viðræður hefjist í næstu viku er sveitarstjóri kemur úr sumarfrí.
 - c. Svalbarðsstrandarhreppur
 1. Erindið var tekið fyrir á 23. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 27. maí.
 2. Samþykkt að ganga til viðræðna um langtímasamning við UMSE.
 3. Framkvæmdastjóri mun funda með Eiríki H. Haukssyni sveitarstjóra fimmtudaginn 11. júní, kl. 9:30 í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri.
 - d. Hörgársveit

1. Erindið var tekið fyrir á 58. fundi sveitarstjórnar Hörgársveitar 21. maí.
2. Þar var samþykkt að hefja viðræður við fulltrúa UMSE
3. Framkvæmdastjóri mun eiga fund með sveitarstjóra Hörgársveitar fimmtudaginn 11. júní, kl. 11:00 á Þelamörk.

6. Skipan nefnda.

a. Nefndir:

1. Frjálsíþróttanefnd
 1. Starri Heiðmarsson, Umf. Æskunni
 2. Pálmey Sigtryggisdóttir, Umf. Reyni.
2. Knattspyrnunefnd
 1. Elvar Óli Marinósson, Umf. Reyni.
 2. Gunnur Ýr Stefánsdóttir, Umf. Samherjum
 3. Jóhannes Gísli Pálmasson. Umf. Smáranum
3. Borðtennisnefnd.
 1. Starri Heiðmarsson, Umf. Æskunni
4. Sundnefnd
 1. Hólfríður Gísladóttir, Sundfélaginu Rán
 2. Anna Rún Kristjánsdóttir, Sundfélaginu Rán
5. Badmintonnefnd
6. Hestaíþróttanefnd
 1. Guðrún Rut Hreiðarsdóttir, Hestamannafélaginu Hring
7. Unglingalandsmótsnefnd:
 1. Haraldur Helgi Hólfríðarson, Umf. Þorsteini Svörfuði Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE.
 2. Þorsteinn Marinósson, framkvæmdastjóri. UMSE.

Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi samband við og ítreki mikilvægi þess að manna nefndir innan sambandsins.

7. Önnur mál.

- a. Unglingalandsmót UMFÍ; rétt um að kaupa galla fyrir keppendur sem munu taka þátt í Unglingalandsmótinu. Samþykkt að framkvæmdastjóri hafi samband við aðildafélög innan UMSE og kanni hvort áhugi er á að kaupa jakka sem keppendur klæðast í skrudgöngu Unglingalandsmótsins Samþykkt að UMSE haldi grillveislu fyrir keppendur og aðstandendur UMSE á mótinu eins og tíðkast hefur.
- b. Landsmót 50+. Samþykkt að UMSE greiði þátttökugjöld fyrir þá sem vilja keppa á Landsmóti 50+
- c. Athugasemdir BHM við ráðningarsamning framkvæmdastjóra: Samþykkt að uppfæra ráðningarsamning framkvæmdastjóra samkvæmt tillögu lögfræðings BHM.
- d. Samþykkt að opnunartími skrifstofu verði á þriðjudögum og fimmtudögum frá og með 1. ágúst.

- e. Stjórnin samþykkti að styðja ályktun sem send hefur verið til stjórnar FRÍ þar sem mótmælt er skyndiákvörðun stjórnar FRÍ um aukna kostnaðarhlutdeild sumra keppenda á NM í þraut
- 8. Næsti stjórnarfundur ákveðinn þriðjudaginn 7. júlí kl. 17:30 Sigurður kemur með veitingar.
- 9. Fundi slitið kl: 19:16

Sigrún Finnsdóttir, fundarritari

Bjarnveig Ingvadóttir, formaður UMSE
